# Föstudagsmolinn

11.-15. mars 2024



## Skíðaferðir

Skíðaferðir í Tindastól eru að bresta á. Miðstig fer fimmtudaginn 14. mars og unglingastig fer þriðjudaginn 19. mars. Það er mjög mikilvægt að nemendur komi vel búnir þessa daga og tilbúnir til þess að vera úti nær allan daginn. Þeir nemendur sem eiga skíðabúnað mega taka hann með sér en skólinn leigir búnað fyrir þá sem þurfa. Það er ekki heimilt að koma með sleða eða snjóþotur á skíðasvæðið.

## Upplestrarkeppnin

7. bekkur heldur sína árlegu upplestrarkeppnin á miðvikudaginn kl 13:00 í matsal skólans. Foreldrar þeirra er hjartanlega velkomin.

Mynd af sigurvegurum síðasta árs.






Bingó 10. Bekkjar verður haldið í matsal skólans 18. mars nk. kl. 17:00. Fyrsta spjald kostar 1500 kr og svo færðu fleiri spjöld fyrir 500 kr. Glæsilegir vinningar verða í boði. Hlökkum til að sjá þig og þína. Kveðja 10. bekkur

## Framundan

Mánudagur 11. mars
Matseðill: Steiktur þorskur, kartöflur, laukfeiti, salat og grænmeti

- Morgunsöngur kl 8:20

Þriðjudagur 12. mars – Bókadagurinn
Matseðill: Lambapottréttur, hrísgrjón, salat og grænmeti, Hliðarréttur, grænmetispottréttur

- Skólahjúkrun í 2., 5. og 10. bekk

Miðvikudagur 13. mars
Matseðill: Lasagna, (nautakjöt) salat og grænmeti

- Nemendaráð – miðstigsfulltrúar funda með skólastjórnendum
- Upplestrarkeppni 7. bekkjar kl 13:00

Fimmtudagur 14. mars
Matseðill: Plokkfiskur, salat og grænmeti, rúgbrauð, salat og grænmeti

- Miðstig í skíðaferð
- Heimanám kl 14:30 í stofu 5. bekkjar.

Föstudagur 15. mars
Matseðill: 5. bekkur hefur valið hamborgara og franskar.

Vinningar sem þegar eru komir í hús eru t.d. frá eftirtöldum fyrirtækjum:

- Hárstúdíó Fríðu
- Snyrtistofan Blær
- KIDKA
- Bær – Kjötmeti
- Bolabrögð og Kolugil – Kjötmeti
- Sjávarborg
- Hótel Hvítserkur
- Leirhús Grétu
- North West

Við mælum með að kíkja á þetta myndband úr verklegri náttúrufræði!!!!

CLICK

# Fæðingardagur Haddýjar



Í dag, 8. mars, er fæðingardagur elsku Haddýjar okkar. Í tilefni dagsins fengum við okkur ís. Söknum hennar alla daga, alltaf!










3. og 4. bekkur er búin að vera að vinna mikið með samskipti. Þau hafa t.d. verið að velta fyrir sér orðum sem gleðja og orðum sem stinga.

1. bekkur er búinn að vera að vinna frábært verkefni samþætt úr íslensku, samfélagsfræði og stærðfræði. Fyrst teiknuðu þau húsin sín og skrifuðu við. Því næst teiknuðu þau húsin upp í perlumynstri og enduðu svo á að perla húsin. Skapandi og skemmtilegt!

